

Skipulagsskrá um Starfsmenntasjóð SLFÍ

Reglur samkv. 32. gr. laga Sjúkraliðafélags Íslands

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Starfsmenntasjóður Sjúkraliðafélags Íslands. (SLFÍ.) Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Aðild að sjóðnum.

Sjóðfélagar eru allir félagsmenn SLFÍ sem starfa hjá ríki, borg, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum, enda hafi atvinnurekendur gerst formlegir aðilar að sjóðnum og staðið skil á iðgjaldi.

3. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að félagsmenn SLFÍ geti sótt starfsnám og símenntun án verulegs kostnaðar og viðhaldið menntun sinni í samræmi við lög og reglugerðir um heilbrigðisstarfsmenn.

Styrkveitingin skal eingöngu veita til náms/námskeiðs sem beinlínis eru ætluð til þess að auka þekkingu sína og viðhalda menntun sinni og tileinka sér framfarir í heilbrigðisþjónustu.

4. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- Fjármagnstekjur.

5. gr. Greiðslur úr sjóðnum

Þeir sem óska eftir styrkjum úr sjóðnum skulu senda stjórn sjóðsins umsókn.

Greiðsla úr sjóðnum getur ekki átt sér stað nema að úthlutunarreglum sjóðsins sé fullnægt.

6. gr. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Einum fulltrúa tilnefndum úr stjórn SLFÍ. Formaður skal kjörinn af sjóðstjórn. Stjórn sjóðsins skal halda gerðarbók yfir afgreiðslur úr sjóðnum svo og annað sem varðar störf hennar.

Stjórn sjóðsins setur sér reglur um úthlutun styrkja í samræmi við tilgang sjóðsins og afgreiðslu mála.

Reglur þessar skulu hljóta afgreiðslu stjórnar SLFÍ.

7. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun

Skrifstofa SLFÍ. sér um daglegan rekstur í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt.

8. gr. Ársreikningur og endurskoðun

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum félagsins og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður.

Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar SLFÍ.

9.gr. Breytingar á reglum sjóðsins.

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi SLFÍ og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykkt á 25. Fulltrúapingi Sjúkraliðafélags Íslands í maí 2016.